

Fimmtudaginn 8. desember 1994.

Nr. 364/1994.

Ákærvaldið

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Steingrími Njálssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Þjófnaður. Bifreiðar. Umferðarlög. Svipting ökuréttar. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediksdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, og hefur því af hálfu ákærvalds verið skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 19. maí 1994. Ákærvaldið krefst þyngingar á refsingu ákærða svo og, að honum verði gerð enn frekari svipting ökuréttar.

Í hinum áfrýjaða dómi er ekki getið vínandamagns, sem mældist í blóði ákærða miðvikudaginn 23. desember 1992. Það mældist 1,52%.

Fallist er á sakarmat í hinum áfrýjaða dómi með vísan til ofangreindrar niðurstöðu alkóhólranssóknar og skírskotun til forsendna hans.

Frá árinu 1963 og fram að þeim tíma, er héraðsdómur í máli þessu var kveðinn upp, hefur ákærði hlotið 27 refsídóma, þar af 8 fyrir auðgunarbrot, síðast 6. nóvember 1986. Hann hefur 16 sinnum hlotið refsingu fyrir ölvun við akstur og auk þess verið sakfelldur fyrir fjölmörg brot gegn almennum hegningarlögum, áfengislögum, lögum um ávana- og fíkniefni og lögum um vernd barna og ungmenna. Síðast var ákærði dæmdur með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 21. október sl. fyrir brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og var gæsluvarðhaldstími hans í tengslum við það mál í 34 daga látinn koma í stað refsingar. Var sá dómur hegningarauki við dóm þann, sem hér er til endurskoðunar. Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og hinum langa sakaferli hans hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi. Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. gr. og 2. og 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. nú lög nr.

44/1993. Þykir hún hæfilega ákveðin 4 ár og 6 mánuðir og telst frá birtingu héraðsdóms 23. mars 1994.

Með hliðsjón af 1. mgr. 168. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála þykja ekki efni til að gera mun á málsvarnarlaunum og saksóknarlaunum í héraði. Ber því að dæma ákærða til greiðslu 60.000 króna í saksóknarlaun í héraði, en að öðru leyti er málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfest.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, eins og greinir í dómsorði.

Ákærði var fyrst yfirheyrður hjá lögreglu 20. apríl 1993 vegna ölvunarakstursins 23. desember 1992, og lögreglumenn þeir, sem höfðu afskipti af ákærða, voru yfirheyrðir 30. ágúst 1993. Er þessi dráttur á rannsókn málsins aðfinnsluverður.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Steingrímur Njálsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði er sviptur ökurétti í 4 ár og 6 mánuði frá 23. mars 1994.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest að öðru leyti en því, að ákærði skal greiða 60.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 23. mars 1994.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. þ. m., var höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 21. desember sl., á hendur Steingrími Njálssyni, kt. 210442-3679, Laugarásvegi 24, Reykjavík, „fyrir eftirgreind brot:

1. Umferðarlagabrot með því að hafa undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni R-39406, sem hér segir:

- a) miðvikudaginn 23. desember 1992 frá ölfústöðinni í Hvalfirði áleiðis norður þjóðveg nr. 1, þar til lögregla stöðvaði akstur hans við bæinn Beitistaði í Leirár- og Melahreppi í Borgarfirði,
- b) laugardaginn 5. júní 1993 í Esbjerg í Danmörku Adgangsvej í norð-

vesturátt og áfram eftir H. E. Bluhmesvej, þar sem lögregla stöðvaði akstur hans.

Telst þetta varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að því er brot ákærða samkvæmt ákærulið I, 2 varðar.

2. Þjófnað með því að hafa aðfaranótt fimmtudags 15. apríl 1993 brotist inn í söluskála Shell að Sleitustöðum í Skagafirði og stolið þaðan 15–20 pökkum af vindlingum, 5 súkkulaðipáskaeggjum, 1 kassa og 1 dós af konfektí og um 1.000 krónum í peningum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar öku-réttar samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 44/1993“.

II.

Málsatvik.

Ákæruliður I, 1.

Að morgni miðvikudagsins 23. desember 1992 var ákærði á leið úr Reykjavík vestur í Dali. Nálægt bæjunum Læk og Beitistöðum skammt norðan Akranessvegamóta höfðu lögreglumenn úr Borgarnesi afskipti af ákærða og færðu hann til skýrslutöku á lögreglustöðina í Borgarnesi. Þar var tekið blóðsýni af ákærða vegna grunar um, að ákærði hefði ekið bifreið sinni undir áhrifum áfengis.

Fyrir dómi bar ákærði, að hann hefði tekið bensín í Hvalfirði um morguninn í kolbrjáluðu veðri. Hann hefði síðan ekið af stað og ætlað vestur í Dali. Veðrið hefði versnað, þegar norðar dró, leiðslur að rúðupurrkumótör og miðstöð hefðu brunnið og miðstöð og rúðupurrkur orðið óvirkar. Hefði hann reynt að gera við þetta, en ekki tekist. Hann hefði hugsað sér að komast á næsta bæ, en það verið ógerlegt, þar sem veðrið hefði verið slæmt. Ákærði mundi ekki eftir að hafa mætt lögreglubifreið í akstri sínum. Hann kvað bifreið sína hafa verið stöðvaða, þegar lögreglubifreið renndi upp að hlið hennar. Ákærði kvaðst hafa byrjað að drekka áfengi til að halda á sér hita og ekki fyrr en hann sá, að sér tækist hvorki að gera við bílinn né komast í húsaskjól. Ákærði kvaðst ekki muna, hve mikið hann drakk, en taldi sig ekki hafa drukkið, eftir að lögreglan kom á staðinn. Ákærði kvaðst telja, að um klukkustund hefði liðið, frá því að bifreið sín stöðvaðist endanlega og þar til lögregla kom. Hann hefði þó þurft að stöðva bifreið sína oft-sinnis á leiðinni, vegna þess að örygginn í bifreiðinni slógu út. Hann bar, að lögreglumaður sá, sem ekið hefði bifreiðinni til Reykjavíkur, hefði kvartað

um, að rúðupurrkur verkuðu ekki, og svo mikið ólag hefði verið á rafkerfinu, að lögreglumanninum hefði reynst erfitt að drepa á bifreiðinni í ferðarlok, þrátt fyrir það að kveikjulásslykli væri snúið.

Lögreglumennirnir Þórður Sigurðsson og Kristvin Ómar Jónsson gáfu skýrslu fyrir dómi. Þeir báru báðir, að hringt hefði verið úr olíustöðinni í Hvalfirði í lögregluna í Borgarnesi og tilkynnt, að ölvaður ökumaður væri á norðurleið frá olíustöðinni á grænni Skóda-bifreið. Hefðu þeir þá ekið í suðurátt frá Borgarnesi og mætt grænni Skóda-bifreið skammt norðan Akranessvegamóta. Hefðu þeir þá snúið lögreglubifreiðinni við og stöðvað akstur Skóda-bifreiðarinnar skammt frá bæjunum Læk, Vogatungu og Beitistöðum, um einum km norðan Akranessvegamóta. Báðir lögreglumennirnir fullyrtu, að Skóda-bifreiðin hefði verið á ferð, þegar þeir mættu henni, og verið á ferð, allt þar til er þeir stöðvuðu akstur hennar. Þeir hefðu báðir haft ökumann bifreiðarinnar í sjónmáli, frá því að þeir stöðvuðu aksturinn og þar til hann hefði verið kominn yfir í lögreglubifreiðina. Annar lögreglumannanna kvað fráleitt, að ökumaður hefði neytt áfengis, eftir að akstri lauk, en hinn kvaðst ekki hafa orðið var við það. Báðir báru, að áfengislykt hefði verið af ákærða.

Ákærði var færður til skýrslutöku á lögreglustöðina í Borgarnesi. Í skýrslu Kristvins Ómars Jónssonar lögreglumanns, sem dagsett er þennan sama dag og tímasett kl. 9.00, kemur fram, að aðspurður hafi ökumaður ekki kannast við að hafa verið að neyta áfengis. Einnig kemur þar fram, að í bifreið ákærða hafi fundist hálf flaska af íslensku brennivíni og um hálf 0,5 l kók-flaska. Í skýrslu um ölvun við akstur kemur fram, að ökumaður hafi óskað eftir, að Ragnar Aðalsteinsson hrl. yrði skipaður réttargæslumaður sinn. Ákærði fékkst ekki til að rita undir skýrsluna.

Ákærði neitaði, að sér yrði tekið blóð til alkóhólrannsóknar, og varð að beita hann valdi til þess, að læknir gæti tekið honum blóð. Í skýrslu sinni fyrir dómi gaf ákærði þær skýringar á því, að hann hefði brugðist illa við, að hann hefði verið færður í fangaklefa. Þórður Sigurðsson yfirlögregluþjónn hefði komið til sín með skjal og beðið sig að undirrita það. Ákærði kveðst hafa viljað lesa það, en lögregluþjónninn sagt sér, að hann ætti ekki að lesa það, heldur bara að skrifa undir. Sér hefði því verið orðið þungt í skapi, þegar kom að því, að taka átti sér blóð. Ákærði kveður lögregluþjóna hafa verið með svívirðingar og hótanir í sinn garð.

Þar sem réttargæslumaður fékkst ekki í Borgarnesi, var ákveðið að flytja ákærða til Reykjavíkur. Var bifreið ákærða ekið áleiðis til Reykjavíkur, en lögreglumenn úr Reykjavík komu á móti, og ók Ágúst Svansson, lögreglu- maður úr Reykjavík, bifreið ákærða þangað.

Um ákærulið I, 2.

Hinn 5. júní 1993 kom ákærði til Esbjerg í Danmörku með skipinu Norrænu og hafði bifreið sína, R-39406, Skóda, árgerð 1977, meðferðis og einnig kerru. Frá Esbjerg ók ákærði bifreið sinni um kvöldið eftir Adgangsvej í norðvesturátt og síðan eftir H. E. Bluhmesvej, þar til lögregla stöðvaði aksturinn og færði ákærða á lögreglustöð. Blóðsýni var tekið af ákærða og það rannsakað á réttarefnafræðistofu Kaupmannahafnarháskóla með gasgreiningaraðferð á súlu. Samkvæmt vottorði rannsóknastofunnar, dagsettu 12. júní 1993, mældist meðalgildi alkóhóls vera 1,665‰, en minnsta gildi, sem leggja má til grundvallar við matið, 1,57‰.

Fyrir dómi kannaðist ákærði við, að danskir lögregluþjónar hefðu stöðvað akstur sinn, þar sem hann var að koma frá borði ferjunnar Norrænu í akstri á Adgangsvej í norðvesturátt og áfram til H. E. Bluhmesvej, eins og í ákæru greinir, en kvaðst ekki hafa fundið fyrir neinum áfengisáhrifum. Ákærði kvað lögreglu hafa ekið á eftir sér þó nokkra stund, en síðan stöðvað aksturinn og sett út á búnað kerru, sem ákærði hafði aftan í bifreið sinni. Hefði lögreglan bent sér á að aka á eftir sér á lögreglustöð. Ákærði kvað blóðsýni hafa síðan verið tekið af sér á lögreglustöðinni. Hann kvaðst hafa óskað eftir túlki og verjanda, en ekki fengið.

Ákærði kvaðst hafa neytt áfengis nóttina áður en hann var tekinn; eingöngu hefði verið um að ræða bjór, en hann vildi ekki fullyrða, hversu mikið það hefði verið. Ákærði kvaðst ekki muna eftir, hvenær hann hefði hætt áfengisneyslu, en það hefði verið löngu áður en hann kom í land. Hann kvað það vera rangt í skýrslu danskra lögreglumanna, að hann hefði neytt áfengis að morgni 5. júní 1993.

Ákærði kvað bifreið sinni hafa verið ekið frá borði af starfsmanni skipsins og því ósatt það, sem fram komi í framburði tollvarðar í lögregluskýrslu, að hann hefði ekið bifreið sinni frá borði.

Ákærði kveður poka sínum með rúmfatnaði og tolli hafa verið stolið, og hefði hann beðið starfsmenn skipsins að hringja á lögreglu. Hann hefði beðið eftir, að lögregla kæmi, en hún ekki komið. Ákærði kvaðst hafa hafið akstur, löngu eftir að hann kom frá borði, en man ekki, hve langur tími leið. Hann kvaðst hafa ekið bifreið sinni á lögreglustöðina.

Ákærði var spurður, hvort hann vefengdi niðurstöður danskra alkóhól-mælingar, sem lægi frammi í málinu. Hann kvaðst ekki vita, hvað hann ætti um það að segja, en talið sig fullferan um að aka bifreiðinni og ekki fundið til áfengisáhrifa. Ákærði kvað mjög hæpið, að niðurstaða blóðrannsóknarinnar gæti verið rétt.

Um ákærulið II.

Aðfaranótt fimmtudags 15. apríl sl. var ákærði á ferð á bifreið sinni í Skagafirði og ætlaði að heimsækja systur sína, sem býr að Skúfsstöðum í Hjaltadal. Er hann átti um 10 km ófarna að Skúfsstöðum, varð bifreið hans bensínlaus, nálægt bænum Sleitustöðum í Hólahreppi. Gekk ákærði að söluskála Shell við bæinn Sleitustaði, spennti upp opnanlegt gluggafag á suðurhlið og komst inn. Tók ákærði á brott með sér 15–20 pakka af vindlingum, 5 súkkulaðipáskaegg, 1 kassa og 1 dós af konfekt og um 1.000 krónur í peningum.

Ákærði bar fyrir dómi, að hann hefði spennt upp glugga og farið inn í söluskálann í þeim tilgangi að komast í síma, en ekki fundið neinn síma til að hringja í. Ákærði kvaðst hafa bætt eiganda söluskálans tjón hans og þar með talið, að málið væri úr sögunni.

III.

*Niðurstæða.**Ákæruliður I, 1.*

Ákærði hefur staðfastlega neitað að hafa ekið bifreið sinni undir áhrifum áfengis umrætt sinn og hefur borið því við, að hann hafi lent í vandræðum með rúðupurrkur og miðstöð í vonskuveðri og af þeim sökum orðið að nema staðar. Hann hafi haldið kyrru fyrir í bifreið sinni í um klukkustund, áður en lögregla hafði afskipti af sér, og á þeim tíma neytt áfengis.

Samkvæmt lögregluskýrslu, dagsettri 23. desember 1992, hafði lögreglan í Borgarnesi afskipti af ákærða um kl. 9.00 um morguninn, blóðsýni verið tekið af ákærða kl. 10.54 og skýrslutöku af ákærða lokið kl. 11.05.

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands var veður þannig í Reykjavík og á Grundartanga fyrrnefndan dag:

Dags.	Tími	Vindátt og veðurhæð	Mest veður- hæð milli athugana	Veður	Skyggni km	Hiti C°	Hviða, hnútar
Reykjavík							
23. 12.	09	S 5	7	Hagl	3	-1,8	45
	12	S 6	7	Snjó- eða slydduél á síðustu klst.	12	-2,7	47
Grundartangi							
23. 12.	09	SV 4		Úrkomulaust á ath-tíma	4–10	-19 (sic).	

Lýsingu ákærða á veðri umræddan dag ber ekki saman við vottorð

Veðurstofu Íslands um veður á tveimur athugunarstöðum í grennd við þann stað, sem lögregla hafði afskipti af ákærða um kl. 9.00. Grundartangi er í innan við 10 km fjarlægð frá þeim stað, sem lögregla hafði afskipti af ákærða. Eins og að ofan greinir, voru 4 vindstig á suðvestan á Grundartanga kl. 9.00 þennan dag, úrkomulaust á athugunartíma og skyggni 4–10 km. Vitnið Þórður Sigurðsson lögreglumaður bar fyrir dómi, að á umræddum tíma hefði verið hægur vindur, slydduhríð og ekki mikið frost. Ekki hefði verið kalt miðað við árstíma. Kristvin Ómar Jónsson lögreglumaður, sem ók bifreið ákærða að lögreglustöðinni í Borgarnesi, bar, að eljagangur hefði verið á vestan umrætt sinn, og því hlyti hann að hafa notað rúðupurrkur bifreiðarinnar, þótt hann myndi það ekki sérstaklega. Hann hefði ekki fundið neitt athugavert við bifreiðina og hún verið vel ökuhæf.

Ágúst Svansson lögreglumaður bar fyrir dómi, að hann hefði farið á móti lögreglunni í Borgarnesi umræddan dag og síðan ekið bifreið ákærða til Reykjavíkur. Hann kvað sig ekki muna eftir neinu sérstöku við ferðina. Aksturinn til Reykjavíkur hefði gengið vel og bifreiðin verið mjög góð. Vitnið kvaðst ekki muna eftir, hvort rúðupurrkur bifreiðarinnar hefðu verið í lagi. Vitnið kvað sig ráma í, að eitthvað hefði verið athugavert við miðstöð bifreiðarinnar, en langt væri um liðið, og því myndi hann það ekki vel. Vitnið kvaðst ekki muna eftir því, hvernig veðrið var, og ekki eftir neinu sérstöku, þegar hann drap á bifreiðinni í Reykjavík.

Framburður ákærða um, að hann hafi þurft að stöðva bifreiðina vegna vonskuveðurs og erfiðleika við rafkerfi bifreiðarinnar, er í engu samræmi við framburð tveggja lögreglumanna, sem óku bifreiðinni vandræðalaust síðar um daginn. Með hliðsjón af vottorði Veðurstofu Íslands og framburði lögreglumanna um veður umrætt sinn og ástandi bifreiðar ákærða er framburður hans um klukkustundardvöl í kyrrstæðri bifreiðinni við áfengisdrykkju ótrúverðugur.

Við skýrslutöku hjá lögreglu 20. apríl 1993 bar ákærði, að hann hefði komið við í Hvalfirði til að taka bensín og síðan haldið áfram. Ákærði hefur ekki breytt þessum framburði sínum. Samkvæmt framburði lögreglumanna fyrir dómi var lögreglunni í Borgarnesi tilkynnt um ölvaðan öku mann á grænni Skóða-bifreið, sem væri að aka í norðurátt frá olústöðinni í Hvalfirði. Þar sem Akranessvegamót eru mjög nálægt því að vera miðja vega milli olústöðvarinnar í Hvalfirði og Borgarness, er frásögn lögreglumanna um aðdraganda þess, að þeir höfðu afskipti af ákærða, mjög trúverðug.

Lögreglumennirnir Þórður Sigurðsson og Kristvin Ómar Jónsson hafa báðir borið, að bifreið ákærða hafi verið á hreyfingu, er þeir mættu henni

skammt norðan Akranessvegamóta, og að hún hafi verið á ferð, allt þar til þeir stöðvuðu aksturinn. Þá hafi þeir haft ákærða í sjónmáli, frá því er bifreið ákærða var stöðvuð og þar til hann var kominn í lögreglubifreiðina, og hafi ákærði ekki bragðað áfengi á þeim tíma. Ekkert þykir hafa komið í ljós, sem dragi úr trúverðugleika framburðar lögreglumannanna.

Með framburði fyrrnefndra lögreglumanna þykir sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að ákærði hafi ekið bifreið sinni undir áhrifum áfengis umrætt sinn og þar með gerst sekur um brot gegn 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Ákæruliður I, 2.

Ákærði hefur borið fyrir dómi að hafa neytt áfengis um borð í Norrænu aðfaranótt laugardags 5. júní 1993 á leið skipsins frá Seyðisfirði til Esbjerg í Danmörku. Hann kvaðst eingöngu hafa drukkið bjór, en vildi ekki fullyrða, hversu mikið. Hann hefði hætt áfengisneyslu, löngu áður en kom í land, en mundi ekki, hvenær. Þá hefur hann viðurkennt að hafa ekið bifreið sinni, svo sem lýst er í ákæru, í norðvesturátt eftir Adgangsvej og áfram eftir H. E. Bluhmesvej, þar sem lögreglumenn stöðvuðu aksturinn og bentu honum á að fylgja sér á lögreglustöð, þar sem blóðsýni var tekið af honum. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Esbjerg var akstur ákærða stöðvaður kl. 22.26.

Svo sem fyrr er nefnt, var blóðsýnið rannsakað á réttarefnafræðistofu Kaupmannahafnarháskóla með gasgreiningaraðferð á súlu. Samkvæmt vottorði rannsóknastofunnar, dagsettu 12. júní 1993, mældist meðalgildi alkóhóls vera 1,665‰, en minnsta gildi, sem leggja má til grundvallar við matið, 1,57‰.

Lögreglumenn þeir, sem höfðu afskipti af ákærða og rituðu skýrslur þær, sem lagðar hafa verið fram í málinu, hafa ekki verið kvaddir fyrir dóm. Með vísan til meginreglu 1. mgr. 48. gr. laga nr. 19/1991 verður ekki byggt á þeim skýrslum, og þykir undantekningarákvæði 3. mgr. ekki eiga við í þessu máli. Verður því að miða við framburð ákærða sjálfs fyrir dómi.

Ákærði hefur ekki þrætt fyrir, að blóðsýni það, sem tekið var af honum, hafi verið það, sem rannsakað var af réttarefnafræðistofu Kaupmannahafnarháskóla og í reyndust 1,57‰ (sic) alkóhóls. Númeri á vottorðinu ber saman við númer lögregluskýrslu. Rannsóknarmaður sá, sem vottorð þetta stafar frá, hefur ekki komið fyrir dóminn. Vottorð Rannsóknastofu Háskóla Íslands í efnafræði um niðurstöður alkóhólrannsóknna hafa lengi verið lögð til grundvallar í ölvunarakstursmálum hér á landi, án þess að viðkomandi rannsóknarmenn séu kallaðir fyrir dóm til að staðfesta vottorð sín.

Með hliðsjón af ákvæði 52. gr. laga nr. 19/1991 þykir mega leggja umrætt vottorð hinnar dönsku rannsóknastofu til grundvallar, og þykir meginregla 1. mgr. 48. gr. sömu laga ekki standa því í vegi. Ákærði hefur viðurkennt áfengisneyslu á sama sólarhring og blóðsýnið var tekið, og ekkert er fram komið, sem dregið geti úr trúverðugleika rannsóknarniðurstöðunnar.

Með framburði ákærða sjálfs fyrir dómi um aðdraganda þess, að hann var stöðvaður af lögreglunni í Esbjerg í Danmörku að kvöldi 5. júní 1993, og niðurstöðu alkóhólrannsóknar á blóðsýni, sem tekið var af ákærða, þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um að hafa ekið bifreið undir áhrifum áfengis umrætt sinn og þar með brotið gegn 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákæruliður II.

Með skýlausri játningu ákærða, sem er í fyllsta samræmi við fram lagðar lögregluskýrslur og önnur gögn, þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um brot það, sem honum er gefið að sök í ákæru og er þar réttilega heimfært undir 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IV.

Viðurlög.

Brotaferill ákærða nær aftur til ársins 1959. Samkvæmt sakavottorði hefur hann hlotið 8 refsíðoma fyrir auðgunarbrot, síðast 6. nóvember 1986, en auk þess gerst sekur um fjölmörg brot gegn 155., 157., 194., 1. mgr. 200., 202., 1. mgr. 103., 209. og 226. gr. almennra hegningarlaga, lögum um vernd barna og ungmenna, áfengislögum og lögum um ávana- og fíkniefni. Þá hefur ákærða 12 sinnum verið refsað fyrir ölvunarakstur. Ákærði var sviptur ökuleyfi ævilangt með dómi 23. mars 1974, en veitt heimild til ökuleyfis að nýju 31. október 1988. Ákærði gekkst undir sátt 30. október 1991 um sviptingu ökuréttar í 12 mánuði vegna brots á 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Brotum ákærða hefur fækkað mjög á allra síðustu árum.

Við ákvörðun refsingar ber að hafa til hliðsjónar, að þjófnaðarbrot ákærða var ekki stórfellt og ákærði mun hafa náð samkomulagi við eiganda söluskálans að Sleitustöðum um bætur vegna þess tjóns, sem hann varð fyrir. Á hinn bóginn verður að líta til sakaferils ákærða. Með hliðsjón af þessu og 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi.

Með hliðsjón af 2. mgr. 101. gr. og 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 44/1993, ber að svipta ákærða ökurétti í 3 ár og 6 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Loks greiði ákærði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Kristjánssonar hdl., 60.000 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur.

Dóm þennan kveður upp Sigurður T. Magnússon, settur héraðsdómari.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Steingrímur Njálsson, sæti 3 mánaða fangelsi.

Ákærði er sviptur ökurétti í 3 ár og 6 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Kristjánssonar hdl., 60.000 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 kr.
